

1490. stjórnarfundur,

21.4. 2010 kl. 12:00.

Mætt á fundinn : Ingvar Sverrisson
Lilja Sigurðardóttir
Gígja Gunnarsdóttir
Haraldur Baldursson
Viggó Viggósson
Örn Andrésson,
Guðrún Ósk Jakobsdóttir,
Jónas Sigurðsson

Frímann Ari Ferdinandsson
Þórður Bergmann

-
- 1. Fundargerð 1489. fundar**
Afgreiðslu frestað.
 - 2. Ársreikningur ÍBR 2009.**
Lilja og Þórður fóru yfir ársreikninginn, skýrðu út og svöruðu spurningum. Ársreikningur samþykktur og undirritaður.
 - 3. Formannafundur ÍBR 2010.**
Ákveðið var að halda formannafund föstudaginn 7. maí kl. 16.00
Skrifstofa undirbýr gögn til að senda formönnum fyrir fund.
 - 4. Skautahöllin – fulltrúar ÍBR í stjórn.**
Stjórnarmönnum í Skautahöllinni hefur verið fjölgað úr þremur í fimm.
ÍBR skipar 2 menn, SR 2 menn og Reykjavíkurborg einn.
Samþykkt að Ingvar Sverrisson og Lilja Sigurðardóttir verði fulltrúar ÍBR í stjórn Skautahallarinnar. Fyrir liggur samþykkt að fara í stefnumótun fyrir Skautahöllina í vor.
 - 5. Samsstarfssamningar við Reykjavíkurborg.**
Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir vinnu vinnuhóps sem hefur farið yfir gildandi samninga milli íþróttafélaga og Reykjavíkurborgar og kom með tillögur að lagfæringum og breytingum vegna nýrra samninga sem gildi 2011-2013.
 - 6. Staðfesting aðildar – Vængir Júpíters.**
Samþykkt
 - 7. Siðamál – vinnuhópur.**
Ákveðið að skipa vinnuhóp til að setja ÍBR siðareglur. Í nefndina voru skipuð Jónas Sigurðsson, Gígja Gunnardóttir og Guðrún Ósk Jakobsdóttir. Ákveðið að Brynja Guðjónsdóttir yrði starfsmaður nefndarinnar.
 - 8. Stofnun Kraftlyftingasambands Íslands.**
Frímann kynnti stofnun sambandsins.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 13.40

Jónas Sigurðsson, fundarritari.